

Ársskýrsla
Kvennasögusafns Íslands
2005

Reykjavík, febrúar 2006

Ársskýrsla Kvinnasögusafns Íslands 2005

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Emilía Sigmarsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Kristín Ástgeirsdóttir

Kvinnasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kona@bok.hi.is
Veffang: <http://www.kona.bok.hi.is>

Ársreikningur 2005:

Fjárlög, rekstrarstyrkur ¹	2.765.288
Menntamálaráðuneyti, styrkur	500.000
Reykjavíkurborg, styrkur	600.000
Forsætisráðuneyti, styrkur ²	150.000
Alþingi, styrkur ³	800.000
Sáttmálasjóður, ferðastyrkur	45.000
Sala bóka	<u>13.800</u>
Samtals:	4.874.088
Laun og launatengd gjöld ⁴	5.222.832
Annar rekstrarkostnaður	<u>727.380</u>
Samtals:	5.950.212
Fjármagstekjur	253.994
Hagnaður/tap af reglulegum rekstri	-822.130

¹ Framlag Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns

² Styrkur veittur til málþings um Kosningarétt kvenna 90 ára

³ Styrkur veittur til útgáfu bókarinnar *Kosningaréttur kvenna 90 ára*

⁴ Á árinu 2005 voru greiddar út kr. 549.073 vegna starfs- og hæfnismats sem náði aftur til 1. maí 2002.

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a.ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemina; að gera árlega fjárhagsáætlun vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til verkefna. Stjórnarnefndin hittist að jafnaði mánaðarlega að undanskildum sumarleyfum. Stefanía M. Pétursdóttir og Sigríður Th. Erlendsdóttir gengu úr nefndinni um miðjan maí 2005 og eftir það skipuðu hana:

Emilía Sigmarsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns

Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum

Helga Guðmundsdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

Starfsmenn

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðumanns um mitt ár 2001.

Forstöðumaður er eini fasti starfsmaður safnsins.

Almennt um starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og gangast sjálft fyrir rannsóknum. Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum nemar og fræðimenn í heimildaleit en einnig annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiddis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá. Í gestabók rituðu 194 einstaklingar nafn sitt á árinu 2005.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.

- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum forstöðumanns sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðumanns: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar og fjáröflun.

Árið 2005 var safnið opið daglega milli kl. 10-15 en forstöðumaður hafði lengri viðveru. Safnið var lokað vegna sumarleyfis forstöðumanns 11.7.—15.8. og aftur 23.12.—30.12.

Endurmenntun, ráðstefnur, fundir

Forstöðumaður sótti nokkra fundi hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og hjá ýmsum kvennasamtökum. Hann sótti engin endurmenntunar-námskeið á árinu 2005.

Forstöðumaður sótti ráðstefnuna „Dialogue of Cultures“ sem Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hélt í apríl 2005. Einn hópanna hét „Veljum Vigdísi. Á forsetastóli 1980-1996“ og höfðu tveir fyrirlesarar, Rósa Erlingsdóttir og Svanur Kristjánsson sótt efnivið til Kvennasögusafns.

Forstöðumaður sótti ráðstefnu og fund ATHENA í Barcelóna í maí og tók þar þátt í hópi sem nefndist „Connecting sources: Gender studies and women’s libraries and documentation centres in Europe“ sem WINE stóð að. Forstöðumaður nýtti styrk sinn frá Sáttmálasjóði í þessa ferð, kr. 45.000.

Viðburðir

30 ára afmæli

Kvennasögusafn fagnaði 30 ára afmæli sínu þann 1. janúar og í tilefni af því efndi safnið til opins húss sem var vel sótt. Forstöðumaður gerði þar grein fyrir tilurð safnsins og Kristín Ástgeirsdóttir forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum reifaði atburði Kvennaársins 1975 og sagði frá fyrirhuguðum aðgerðum kvennasamtaka á árinu 2005. Í tilefni afmælisins var sett upp sýning í þjóðdeild Landsbókasafns og opnaði hún 16. janúar.

Fundur um útgáfu bókar

Áhugahópur undir forystu Hildar Hákonardóttur myndlistarkonu hittist að frumkvæði forstöðumanns Kvennasögusafns Íslands í húsakynnum Landsbókasafns 24. janúar til að leita hugmynda að því hvernig minnst mætti Kvennafrídagsins 1975 og Vilborgar Harðardóttur

blaðakonu. Fundurinn var fjölsóttur. Hildur og nokkrar konur aðrar heimsóttu síðan Kvennasögusafn nokkrum sinnum og nutu aðstoðar við öflun upplýsinga vegna bókar er kom út í lok nóvember og ber heitið *Já, ég þori, get og vil* og rekur sögu Kvennaársins 1975 og hlut Vilborgar Harðardóttur í þeirri sögu. Höfundur er Hildur Hákonardóttir og skreytt af henni. Höfundur gaf Kvennasögusafni ljósmyndir af þeim teikningum sem prýða bókina.

Málþing um kosningarétt kvenna 90 ára

Kvennasögusafn og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum héldu málþing um kosningarétt kvenna 90 ára í samvinnu við H.Í. og Alþingi 26. maí. Ávörp fluttu Eiríkur Tómasson sem fulltrúi rektors og Halldór Blöndal forseti Alþingis. Erindi fluttu Guðmundur Hálfðanarson, Auður Styrkárdsóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. Sesselja Kristjánsdóttir söng við undirleik Guðríðar St. Sigurðardóttur og Ragnheiður Steindórsdóttir flutti ljóð. Málþingsstjóri var Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur. Háskóli Íslands, menntamálaráðuneytið og forsætisráðuneytið styrktu málþingið sem var prýðilega sótt. Gert var veggspjald af þessu tilefni og eintök varðveitt í Kvennasögusafni.

Athöfn í Hólavallakirkjugarði




Frá athöfninni í Hólavallakirkjugarði 18. júní 2005. (Ljós. Siv Friðleifsdóttir).

Kvennasamtök efndu til athafnar í Hólavallakirkjugarði 18. júní til að minnast kosningaréttar kvenna og heiðra minningu þeirra forystukvenna er í garðinum hvíla. Forstöðumaður Kvennasögusafns stýrði henni. Borgarstjóri Steinunn Valdís Óskarsdóttir flutti ávarp. Marta Guðrún Halldórsdóttir söng við undirleik Hallfríðar Ólafsdóttur flautuleikara. Gengið var að legstöðum neðangreindra kvenna og blóm lagt á: Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Ingibjörg H. Bjarnason, Jónína Jónatansdóttir, Laufey Valdimarsdóttir, Laufey Vilhjálmsdóttir, Ólafía Jóhannsdóttir, Sigþrúður Friðriksdóttir Eggerz, Sigríður Björnsdóttir, Þorbjörg Sveinsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Katrín Skúladóttir, Þórunn Jónassen, Theódóra Thoroddsen og Sigríður Hjaltadóttir Jensson. Þorgeir Adamsson, garðyrkjustjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis, aðstoðaði við þessa athöfn af einstakri ljúfmennsku.

Athöfnin vakti athygli fjölmiðla og viðtöl voru höfð í fréttatímum beggja sjónvarpsstöðva þá um kvöldið og birtust myndir og frásagnir í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu daginn eftir.

Baráttuhátíð kvenna á Þingvöllum

Kvennasögusafn tók þátt í Baráttuhátíð kvenna á Þingvöllum 19. júní ásamt öðrum kvennasamtökum. Áætlað er að um 2.500 manns hafi tekið þátt í þeirri hátíð. Hún hófst á göngu niður Almannagjá með viðkomu við Drekkingarhyl og dagskrá á Efrivöllum. Ávörp fluttu Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Tómasdóttir. Frú Vigdís Finnbogadóttir flutti hátíðarávarp og Árni Magnússon félagsmálaráðherra tók við gerð Þingvallafundar, ávarpaði fundinn og afhenti veggspjald. Fram komu Kvennakór Reykjavíkur, Sigrún Hjalmtýsdóttir og leik-og danshópur Auðar Bjarnadóttur. Fundarstjóri var Rósa Björk Brynjólfsdóttir. Samband sunnlenskra kvenna var með kaffisölu og Feministafélag Íslands sá um sölu á Baráttuhátíðarbolum. Verkefnisstýra var Rósa Erlingsdóttir.



Frá 19.júní 2005. (Ljós. Karl Lilliendahl og www.feministinn.is).

Fundurinn vakti athygli fjölmiðla og birtust fréttir á báðum sjónvarpsstöðvum og í dagblöðum daginn eftir. Veggspjald var gert af þessu tilefni og eintök varðveitt í Kvennasögusafni. Kvennasögusafn hefur sett upp „sögu“ baráttuhátíðarinnar á vef safnsins.

Alþingi fær listaverk

Þann 27. júní færði Kvennasögusafn ásamt öðrum kvennasamtökum Alþingi gjöf í tilefni af 90 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, var afhent verkið „Kvennakraftur“ eftir Koggu (Kolbrúnu Björgólfsdóttur) sem á að minna á þann kraft sem býr í íslenskum konum.



Frá afhendingu gjafar kvennasamtaka til Alþingis 27. júní 2005. (Ljós. Sív Friðleifsdóttir).

Verkið er hringlaga eins og hnötturinn, holt að innan svo það geti rúmað allan heiminn og minnir í leiðinni á sköpunarkraft kvenna, og sprungið að utan, prýtt hinum græna lit íslenska mosans og íslenskrar náttúru. Forstöðumaður Kvennasögusafns ávarpaði gesti fyrir hönd kvennasamtaka. Myndir birtust í dagblöðum daginn eftir.

Kvennafrídagur 24. október 2005

Kvennasögusafn Íslands stóð ásamt öðrum samtökum fyrir útifundi á Ingólfstorgi í Reykjavík 24. október. Konur voru hvattar til að leggja niður störf kl. 14:08 því þá hefðu þær unnið fyrir launum sínum – miðað við launahlutfall kvenna við karla. Samtökin sem stóðu að þessari aðgerð voru auk Kvennasögusafns Íslands: Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Kvennakirkjan, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Femínistafélag Íslands, Unifem, Samtök um kvennaathvarf, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Stígamót Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusamband Íslands.

Verkefnisstýrur voru Rósa Erlingsdóttir og Edda Jónsdóttir.

Talið er að allt að 50.000 manns hafi verið saman komin í miðborginni meðan á fundinum stóð og kom þátttakan skipuleggjendum í opna skjöldu. Þegar veður barst af því dagana á undan Kvennafrídeginum að þátttakan yrði mikil var orðið of seint að skipta um fundarstað, auk þess sem kostnaður af slíku hefði reynst samtökunum ofviða.



Manngrúi í miðbæ Reykjavíkur 24. október 2005. (Ljósmynd. www.feministinn.is).

Aðgerðin hófst á því að konur söfnuðust saman á Skólavörðuholti og kl. 15:00 var gengið sem leið lá niður Skólavörðustíg og Bankastræti og eftir Austurstræti á Ingólfstorg þar sem fundur hófst kl. 16:00. Gangan var farin undir slagorðinu „Konur höfum hátt“ og mikið bar á hvatningarhrópum og söng í göngunni. Er gangan hélt af stað var mannþröngin svo mikil í bænum að hún varð að brjóta sér leið niður á Ingólfstorg. Þar komust miklu færri fyrir en vildu.

Ávörp fluttu: Valgerður Bjarnadóttir, Amal Tamini, Krístrún Björg Loftsdóttir, Marín Þórsdóttir og Katrín Anna Guðmundsdóttir. Fluttur var leikþátturinn „Vitjun gyðjunnar—samræðuþáttur milli nútíðar og fortíðar“ eftir Kristínu Ómarsdóttur og Karla Dögg flutti gjörning. Léttisveit Reykjavíkur söng, hljómsveitin Heimilistónar flutti lög, Kór Kvennakirkjunnar söng, hljómsveitin „Áfram stelpur“ flutti baráttu-söngva kvenna og

Steinunn Jóhannesdóttir og fleiri leikkonur kynntu endurútgáfu „Áfram stelpur“ frá árinu 1975 og tóku lagið. Fundarstýra var Edda Björgvinsdóttir leikkona og sviðsstýra var María Heba Þorkelsdóttir.

Fundurinn vakti mikla athygli fjölmiðla og var sjónvarpið meðal annars með beina útsendingu frá honum mestallan tímann. Fundir voru haldnir um allt land í tilefni dagsins og tókust allir með ágætum. Kvennasögusafn mun sjá um að halda öllum gögnum varðandi Kvennafrídaginn til haga og gera þau aðgengileg almenningi. Gert var veggspjald í tilefni dagsins og eintök varðveitt á Kvennasögusafni.

Gögn Kvennasögusafns Íslands voru mikið notuð í tilefni Kvennafrídagins og meðal annars leitað fyrirmynda að slagorðum á spjöld. Einnig bárust spurnir af því að vefur safnsins hefði komið mörgum að gagni í leit að upplýsingum um Kvennafrí-daginn 1975 en þar hefur þeirri sögu verið gerð skil.

Skipuleggjendur Kvennafrídagins 24. október 2005 hafa fengið Kvennasögusafni gögn varðandi daginn til varðveislu og hafa sögunni nú þegar verið gerð nokkur skil á heimasíðu safnsins, m.a. má þar finna allar ræður og fjölda ljósmynda.

Kvöldvakan

Kvöldvökuna hélt Kvennasögusafn að þessu sinni 5. desember með Kvenréttindafélagi Íslands í sal Hallveigarstaða. Ávarp flutti Þorbjörg Inga Jónsdóttir formaður KRFÍ og hún var jafnframt kynnr ásamt Auði Styrkárdsóttur, forstöðumanni Kvennasögusafns Íslands. Erindi um frumkvöðla og frumkvöðlastarf fluttu Kristín Ástgeirsdóttir er talaði um Thorvaldsensfélagið 130 ára, Auður Þorbergsdóttir er fyrst kvenna varð borgardómari í Reykjavík, Sigríður Snævarr er fyrst kvenna varð sendiherra og Guðrún Ásmundsdóttir er talaði um leikkonur í fararbroddi. Lokaorð flutti Helga Guðmundsdóttir formaður Kvenfélagasambands Íslands. Ellen Kristjánsdóttir söng við undirleik Eyþórs Gunnarssonar. Kvöldvakan tókst vel að venju.

Útgáfumál, fræðiskrif og rannsóknir

Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum stóðu að útgáfu bókarinnar *Kosningaréttur kvenna 90 ára* og hefur hún að geyma erindi þau og ávörp er flutt voru á málþinginu 26. maí. Forsíðuna prýðir mynd sem tekin var á Baráttuhátíð kvenna á

Þingvöllum 19. júní. Bókin kom út 5. desember og veitti Alþingi styrk til útgáfunnar að upphæð kr. 800 þúsund.



Forstöðumaður skrifaði tvær greinar í Morgunblaðið árið 2005 og birtist önnur þeirra 18. júní og fjallaði um aðdragandann að kosningarétti kvenna 1915 og hátíðahöldin í Reykjavík sama ár af því tilefni. Hin greinin birtist skömmu fyrir Kvennafrídaginn og var hvatning til kvenna um að fjölmenna á útifundinn á Lækjartorgi.

Eftirfarandi fræðigreinar forstöðumanns birtust árið 2005:

„Hinder på kvinnors väg. Toppositioner inom politien, den akademiska världen och näringslivet“. Birtist í ritinu *Demokrati och engagement. Paradokser i nordiske demokratier*. Ritstj. Kristín Ástgeirsdóttir, Fredrik Engelstad og Ditte Maja Simonsen. Útg. Nordisk Ministerråd.

„Kynlegur munur eða kynlægur?“ Birtist í ritinu *Kosningaréttur kvenna 90 ára*. Ritstj. Auður Styrkársdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. Útg. Háskólaútgáfan.

(ásamt Svani Kristjánssyni), ‘Des moyens hors de l’ordinaire pour changer les choses: les parcours des Islandaises vers la citoyenneté politique’, Manon Trembley, *Femmes et Parlements. Un Regard International*. (Remue-Ménage. Montréal).

Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2004. Ritdómur. *Saga. Tímarit Sögfélags*. Vor.

Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein*. Mál og menning. Reykjavík 2005. Ritdómur. <http://stjornmalogstjornsysla.is> (veftímarit Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við H.Í.).

Saga Kvennafrí dagsins 24. október 2006. Á vef Kvennasögusafns Íslands.

Saga kosningaréttar íslenskra kvenna. Á vef Kvennasögusafns Íslands.

Kynningarmál

Forstöðumaður kom fram í eftirfarandi fjölmiðlum á árinu sem slíkur:

1. febrúar. „Spegillinn“, fréttapáttur á Rás 1. Rætt um konur í stjórnmálaflokkum.
18. febrúar. „Ísland í býtið“, fréttapáttur Stöðvar 2. Rætt um hlut kvenna í stjórnmálum hér heima og erlendis
31. mars. „Gylltir hlekkir“, þáttur á Rás 1 um kvenréttindabaráttuna á Íslandi við upphaf 20. aldar – ásamt Sigríði Th. Erlendsdóttur

20. október. „Samfélagið í nærmynd“, þáttur á Rás 1, vegna Kvennafrídagsins. Forstöðumaður kynnti Kvennasögusafn og starfsemi þess á fundi Soroptomista 2. maí. Þá sat forstöðumaður í pallborði á málþingi H.Í. og University of Manitoba vegna fyrirlestrar Carolyn Crippen um Margréti Benedictson. Kristín Ástgeirsdóttir sat einnig í pallborði ásamt Erlu Huldu Halldórsdóttur.

Forstöðumaður flutti erindi á fundi „Framsækinna kvenna“ í Iðnó 16. febrúar ásamt Þorgerði Einarsdóttur lektor. Fundarefnið var um þátttöku kvenna í stjórnámálum – í ljósi þess að Framsóknarflokkurinn lét Siv Friðleifsdóttur víkja úr ráðherrastóli.

Sérverkefni

Á árinu lagði forstöðumaður sem fyrr áherslu á fræðslustarfsemi safnsins, einkum gegnum veraldarvefinn. Þar hefur forstöðumaður sett upp skrá um allar íslenskar konur sem lokið hafa doktorsprófi. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Önnu Höllu Björgvinsdóttur, starfsmann á þjóðdeild Landsbóksafns Íslands. Einnig er að finna á vefnum nokkra heimildalista úr sögu íslenskra kvenna og þættir úr íslenskri kvennasögu og gögn þeirra kvenfélaga sem Kvennasögusafn Íslands varðveitir eru aðgengileg frá heimasíðu safnsins. Forstöðumaður vinnur að því að skrá sögu hinnar svokölluðu Nýju kvennahreyfingar á vefinn og bætti nokkru við á árinu. Þá hefur forstöðumaður sett upp sögu kosningaréttar kvenna á vefinn og aðgerðum kvennasamtaka á árinu eru gerð skil á vefnum.

Forstöðumaður sendir kennurum á sviði kynjafræða við H.Í. reglulega rafrænt efnisyfirlit tímarita á sviði kvennafræða sem Landsbókasafn kaupir og vekur athygli þeirra á rafrænum aðgangi tímarita.

Fyrir tilstilli VESTNORD-verkefnisins í Landsbókasafni Íslands—Háskólabókasafni má nú lesa á veraldarvefnum (<http://www.timarit.is>) *Ársrit Hins íslenska kvennfjelags* (1895-99), *Kvennablaðið* er Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út, blaðið *Framsókn* sem gefið var út á Seyðisfirði og í Reykjavík, og blaðið *Forvitin rauð* sem Rauðsokkahreyfingin gaf út.

Á döfinni

Áfram verður unnið að því að miðla upplýsingum um sögu og stöðu íslenskra kvenna, einkum gegnum veraldarvefinn og mun forstöðumaður leggja á það mikla áherslu á árinu 2006. Fjöldi fyrirspurna erlendis frá, einkum varðandi Kvennafrídaginn, er forstöðumanni hvatning til þess að byggja upp samhliða vef á enskri tungu.

Annað viðamikið verkefni safnsins á árinu 2006 verður að vinna að gerð minnisvarða um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og íslenska kvennahreyfingu. Það verkefni fól félagsmálaráðherra

safninu og er áformað að minnisvarðinn verði afhjúpaður þann 27. september 2006, en þá verða 150 ár liðin frá fæðingu Bríetar. Þessi vinna fer fram í nánú samstarfi við Listasafn Reykjavíkur.

Kvennasögusafn mun í samvinnu við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum standa að málþingi um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur haustið 2006.

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið er skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og er jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). NIKK hefur öðru hvoru kallað saman fulltrúa kvennasögusafna á Norðurlöndum til fræðslufunda og er sá næsti fyrirhugaður 6.-7. apríl í Gautaborg.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement, stofnað 1935, í Amsterdam. Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og hýsir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum. WINE tekur þátt í starfi ATHENA (Advanced Thematic Network in Activities in Women's Studies in Europe) sem stofnað var 1996 og tengir saman kvenna- og kynjasögukennslu í Evrópu og er styrkt af Sókratesáætlun Evrópusambandsins.

Ýmislegt

Vigdís Finnbogadóttir fékk lánaðar heim úrklippubækurnar tvær er varða forsetakjör hennar og varðveittar eru í Kvennasögusafni Íslands. Bækurnar fóru til hennar í júlí.

Kvennasögusafn Íslands lánaði Héraðsskjalasafni Akureyrar skjöl varðandi 24. október 1985 á Akureyri og fóru gögnin úr húsi 19. október. Þau eru í öskjum nr. 22 og 23.

Kvennasögusafn lánaði Þjóðminjasafni Íslands málverk eftir Þóru Jónsdóttur til afnota á sýningunni „Huldukonur í íslenskri myndlist“ sem Hrafnhildur Schram setti upp og opnaði í desember. Myndin fór úr húsi 11. nóvember.

Kvennasögusafn Íslands styrkti útgáfu geisladisksins „Áfram stelpur“ með kaupum á diskum að upphæð kr. 100 þúsund.

Aðföng 2005

Talsvert magn bæklinga og fréttabréfa berst safninu og er það efni til notkunar í rými safnsins á 4. hæð í Þjóðarbókhöllu. Fjárveiting leyfir ekki bóka- eða tímaritakaup en árlega berast safninu einhver gjafaeintök.

Forstöðumaður leggur árlega fram nokkrar beiðnir um bókakaup til Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns og er þeim beiðnum vel sinnt.

Árið 2005 var eftirfarandi skráð í aðföng Kvennasögusafns Íslands:

I. Handrit:

25. janúar Ólafur Halldórsson (s. 8613861) færir safninu ljósmyndir, *sendibréf* og *kort* úr forum afasystur sinnar Þórunnar Kolfinnu Ólafsdóttur (f. 1.8.1905, d. 15.5. 2000), tveir pappakassar.

18. febrúar Þuríður J. Kristjánsdóttir, fyrsti og síðasti formaður Kvennadeildar Borgfirðingafélagsins í Reykjavík, færir safninu síðustu skjöl félagsins, en það var lagt niður 15. maí 2004. Meðal annars er síðasta fundargerðabók félagsins og félagatal frá upphafi. Fyrir eru í safninu fundargerðabækur frá 1964 til 1993.

1. apríl Anna Sigríður Hróðmarsdóttir færir safninu nótur og fleiri gögn úr eigu móður sinnar, Ingunnar Bjarnadóttur, er hefði orðið 100 ára 24. mars. Einnig plötuna ‘Amma raular í rökkriinu’ með lögum Ingunnar í útsetningu Hallgríms Helgasonar.

27. júní Guðrún L. Ásgeirsdóttir gefur safninu skjöl og gögn úr eigu Láru Sigurbjörnsdóttur (1913-2005), fyrrv. formanns KRFÍ, einnig nokkur skjöl úr eigu móður Láru, Guðrúnar Lárusdóttur.

16. ágúst Safninu færð skjöl Kvenfélags Bessastaðahrepps og skjöl Húsmæðraorlofs Gullbringu og Kjósarsýslu. Formaður félagsins, Svanhvít Jónsdóttir, færði safninu ásamt Margréti Eggertsdóttur, Maríu B. Sveinsdóttur og Auði Aðalsteinsdóttur, félagskonum.

23. ágúst Sigríður Dagbjartsdóttir, svæðisstjóri Zonta, færir safninu skjöl Zontasambands Íslands, fundargerðir, skýrslur svæðisstjóra, formannafunda og landsfunda, bréf og ýmsan fróðleik um Zonta.

7. september Steinunn V. Jónsdóttir og Dröfn Farestveit færðu safninu fundargerðabækur og önnur skjöl og muni Húsmæðrafélags Reykjavíkur, stofnað 1935, sem nú hefur verið lagt niður.

II. Annað

- 3. janúar** Ágústa Pétursdóttir færir safninu ýmsar ljósmyndir af fjölskyldu sinni, þ.á.m. nokkrar með ömmu hennar, Ágústu Svendsen, kaupkonu í Reykjavík
- 24. janúar** Hildur Hákonardóttir myndlistakona gefur safninu skannaðar myndir af teikningum er hún vann árið 1975 í samtölum við Vilborgu Harðardóttur og eiga að lýsa aðdraganda kvennafrídagsins
- 14. febrúar** Um hendur Kristínar Jónsdóttur berast skjöl, borðar og annað efni tengt Kvinnalistanum úr fórum Hólmsfríðar Garðarsdóttur
- 17. febrúar** Ingibjörg Guðmundsdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir færa safninu Fréttabréf Kvinnalistas, 10.-11. árg. og 14.-17. árg. sem fyrirtæki þeirra, Prentsmiðja Hafnarfjarðar lét binda inn. Einnig færðu þær safninu ýmis skjöl tilheyrandi Kvinnalistanum í Hafnarfirði og Samtökum um Kvinnalista
- 15. mars** Árni Björnsson færir safninu 6 kassa með bókum úr fórum Vilborgar Harðardóttur. Bækurnar voru yfirfarnar og bornar saman við bókakost Landsbókasafns.
- 29. mars** Arngrímur Sigurðsson (f. 1933) færir safninu ritverk sitt 'Hver ein tíð. Minningavefur einnar aldar', ljósritað handrit í þremur bindum. Í ritverkinu segir allmikið af móður Arngríms, Ólöfu Kristjánsdóttur (1902-1986), ömmu hans Ingveldi Magnúsdóttur ásamt fleiri ættmennum.
- 7. apríl** Safninu berst ritið *Databases of Women Scientists*, útg. af Center of Excellence Women and Science (tengt Evrópusambandinu). Skráin yfir íslenska kvendoktora á vefsíðu Kvinnasögusafn Íslands er einn af þeim gagngrunnum sem getið er í ritinu.
- 18. maí** Turid Nystøl Rian færir safninu rit sitt *Maria Magdalenas evangelium*. Útg. Emilia forlag, Oslo, 2002.
- 15. júní** Þuríður Pétursdóttir færir safninu eintak af bókinni *Hamingjusamt hjónaband*. *Takmörkun barneigna* eftir Michael Fielding, gefin út 1929. Einnig færði hún safninu eintak af bókinni *Handbók húsmæðra* eftir ýmsa höfunda, án ártals. Þá gaf hún safninu 'stenograf' úr eigu móður hennar.
- 23. ágúst** Sigurlín M. Gunnarsdóttir, hjúkrunarkona, færir safninu eintak af bók sinni *Sjúkrahús verður til. Upphaf og uppbygging hjúkrunarþjónustu Borgarspítalans í Reykjavík*. Reykjavík 2004.
- 20. október** Kjartan Eggertsson og Steinunn Jóhannesdóttir gefa 2 eintök af hljómplötunni „Áfram stelpur“ ásamt 2 eintökum af veggspjöldum. Einnig gáfu þau geisladisk af því sama. Með geisladisknum fylgir bæklingur með söngtextunum og tilurð plötunnar.